


# Kola og Kitza

Fish Partner býður veiðimönnum upp á stórlaxaveiði í Kola og Kitza, veimur af þekktustu stórlaxaám Rússlands, 30. maí til 6. júní 2019.

Hin fræga laxveiðiá Kola er stærsta áin á Kólaskaga. Áin er fræg fyrir stórlaxa og er algeng stærð 20-30 pund en þar leynast einnig 40 punda drekar. Kola er í aðeins 40 km fjarlægð frá borginni Murmansk þannig að lítið mál er að skreppa í bæinn ef menn vilja skoða sig um.

Svæðið sem verður veitt er aðalsvæðið í ánni og er um 20 km að lengd og því nóg pláss. Svæðið nær frá ármótum Kitza árinna og niður að veiðistað sem kallaður er Tube 2. Veitt verður fimm daga í Kola og einn dag í Kitza. Sú síðarnefnda er töluvert minni en mjög skemmtileg og geymir sömu risa og Kola.

Einn leiðsögumaður á bát er fyrir hverja tvo veiðimenn. Veitt er bæði frá landi og úr bát. Dagurinn byrjar á morgunverði milli sjö og átta og hefjast veiðar að honum loknum. Veitt er til klukkan 18:00. Mögulegt er að breyta veiðitímanum ef að aðstæður krefjast þess. Veiðimenn fá hádegisverð á bakkanum sem leiðsögumaðurinn undirbýr en kvöldverður er í veiðihúsi eftir veiðidag.



## Wet Kitza Camp

Veiðihúsið eða búðirnar eru kallaðar Wet Kitza og eru við árbakka Kitza. Gist verður í smærri húsum sem eru við aðalbygginguna. Tveir deila herbergi þar sem eru uppabúin rúm og handklæði. Sjónvarp er í húsunum og símasamband er gott. WiFi er í aðalbyggingu. Svo er að sjálfsögðu ekta rússnesk sauna þar sem hægt er að slaka á eftir daginn.

Boðið er upp á rússneskan heimilismat, engan lúxus en allir verða saddir. Mönnum er fjárlst að fara í búð, versla og grilla ef þeir kjósa frekar.



## Ferðaplan

30. maí. Veiðimenn hittast á flugvöllinum í Murmansk og er ekið þaðan í veiðihús. Dagskrá fyrsta dags veltur á komutíma, þ.e. ef komið er snemma morguns verður haldið til veiða og veitt út daginn.

Dagur 2-6. Veitt í Kola og einn dag í Kitza.

6. júní. Morgunverður og akstur til Murmansk eða á flugvöllinn.

Vorveiðin í Kola og Kitza er ekki magnveiði heldur er þetta sannkölluð stórlaxaveiði. Best er notast við 13-15 feta tvíhendur, sökklinur/endar og túpur. Klassísku íslensku túpunar virka vel á þann rússneska.



## Verð á mann aðeins 2.400 evrur

Innifalið:

- Akstur til og frá flugvelli í Murmansk
- Gisting og þrjár máltíðir á dag
- Veiðileyfi
- Leiðsögn og akstur á veiðisvæði
- Fullt box af laxatúpum frá Fish Partner
- Áfengi er ekki innifalið en lítið mál er að skreppa í búð eða versla á barnum í Wet Kitza Camp.

Frekari upplýsingar veitir Kristján Páll Rafnsson [kristjan@fishpartner.com](mailto:kristjan@fishpartner.com) eða í síma **898-3946**

